

## SAMNINGUR UM HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið gera með sér svofelldan samning um Hafréttarstofnun Íslands:

### 1. gr.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands. Hún lýtur sérstakri stjórn og hefur sjálfstæðan fjárhag.

Markmið stofnunarinnar er að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar, m.a. hvað varðar nýtingu lífrænna og ólífrænna náttúruauðlinda hafsins, réttarstöðu einstakra hafsvæða og afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns. Skal hún jafnframt vera til ráðuneytis í álitamálum sem upp kunna að koma á sviði hafréttar og varða hagsmuni Íslands.

### 2. gr.

Stofnunin skal m.a. leitast við að ná markmiðum sínum með eftirfarandi hætti:

1. Gerð rannsóknáætlaná og framkvæmd þeirra.
2. Samvinnu við innlendar og erlendar vísindastofnanir, svo og aðra aðila, um málefni á starfssviði stofnunarinnar.
3. Ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlestrum og annarri fræðslustarfsemi.
4. Þjónusturannsóknum í eigin nafni.
5. Fræðiskrifum og útgáfu rita á sviði hafréttar og veitingu styrkja til hvors tveggja.
6. Söfnun bóka, tímarita, alþjóðasamninga og annars efnis á sviði hafréttar og skyldra greina.
7. Veitingu styrkja til framhaldsnáms í hafrétti og til þátttöku í námskeiðum um hafréttarmál.

### 3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sex mönnum til þriggja ára í senn. Skulu tveir skipaðir af utanríkisráðherra, tveir af sjávarútvegsráðherra og tveir af rektor Háskóla Íslands. Stjórnarmenn skiptast á um að gegna formennsku í stjórn.

Hlutverk stjórnarinnar er m.a. að marka stefnu stofnunarinnar í samráði við forstöðumann hennar og sérfræðinga eftir því sem við á. Hún skal og samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar, staðfesta reikninga hennar og setja henni nánari starfsreglur.

### 4. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera framlög úr ríkissjóði, framlög frá Háskóla Íslands, framlög frá öðrum aðilum og sértekjur m.a. vegna rannsókn- og þjónustuverkefna.

## 5. gr.

Háskóli Íslands skal sjá stofnuninni fyrir húsnæði og nauðsynlegri skrifstofuaðstöðu í húsakynnum lagadeildar Háskóla Íslands.

## 6. gr.

Stjórnin skal ráða forstöðumann stofnunarinnar sem skal annast rekstur hennar. Meginhlutverk hans er forusta um rannsókn- og fræðslustarf stofnunarinnar samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur. Forstöðumaður skal sitja stjórnarfundir með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Forstöðumaður getur í samráði við stjórn stofnunarinnar ráðið sérfræðinga til starfa við stofnunina. Hann getur á sama hátt boðið mönnum til fræðistarfa við stofnunina.

Forstöðumaður ræður annað starfslið stofnunarinnar eftir því sem þörf krefur.


## 7. gr.


Stjórninni er heimilt að skipa samráðsnefnd þar sem sæti eiga hagsmunaaðilar og fulltrúar vísindastofnana er tengjast starfssviði stofnunarinnar.


## 8. gr.

Samningur þessi, sem gerður er í þremur samhljóða eintökum, öðlast þegar gildi og er uppsegjanlegur af hálfu hvers aðila með sex mánaða fyrirvara. Samningurinn leysir af hólmi samning um Hafréttarstofnun Íslands sem undirritaður var 8. febrúar 2002 og fellur síðarnefndi samningurinn um leið úr gildi.

Reykjavík, 2. maí 2006

  
Geir H. Haarde utanríkisráðherra

  
Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra

  
Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands